

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjálandskóla Álfthanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi.

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

Gjaldskrá:

1- 10	klst./mán.	kr.	4.900
11-20	klst./mán.	kr.	9.800
21-30	klst./mán.	kr.	14.700
31-40	klst./mán.	kr.	19.600
41-50	klst./mán.	kr.	24.500
51-60	klst./mán.	kr.	29.400
61-70	klst./mán.	kr.	34.300
71-80	klst./mán.	kr.	39.200

Gjald fyrir síðdegishressingu er kr. 250.

Sérstaklega er innheimt fyrir opnunardaga sem teljast fyrir utan skólatíma, Gjald fyrir heilan dag er kr. 3.920 kr og auk þess er greitt fyrir hádegishressingu kr. 620.

Sérstaklega er innheimt fyrir sumarstarf frístundaheimila (7 dagar í ágúst) kr. 16.640. Greitt er sérstaklega fyrir hádegismat kr. 620 og síðdegishressingu kr 250.

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennum dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 923.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 1.131.000 á mánuði.

Sækja þarf um tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar. Systkinaafsláttur á að reiknast út sjálfkrafa.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2026.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
4. desember 2025*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*